

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 376/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Haraldi Haraldssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Ölvun við akstur. Akstur sviptur réttindum. Reynslulausn. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun málsins í heild. Krefst ákærði sýknu af kröfum ákærvaldsins.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, stóð rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þannig að öflun skýrsla af tveimur vitnum við frumrannsókn málsins, að rætt var við vitnin gegnum síma og farið síðar til þeirra með ritaða skýrslu til undirskriftar. Í skýrslunum er allt að einu hermt, að vitnin hafi mætt til rannsóknardeildarinnar samkvæmt boðun, og er greint frá þeim tíma, sem skýrslugjöf hófst og henni lauk. Í annarri skýrslunni er tekið fram, að vitna-skylda og vitnaábyrgð hafi verið brýnd fyrir vitninu og það hafi verið áminnt um sannsögli. Þá hafa lögreglumenn léð nöfn sín við þessar skýrslur sem vottar að undirritun þeirra. Verður að átella þessa annmarka á rannsókn lögreglunnar á málinu.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Haraldur Haraldsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmarssonar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. apríl 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 19. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 176/1994: Ákærvaldið gegn Haraldi Haraldssyni, sem tekið var til dóms 11. þ. m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 14. mars sl., á hendur ákærða, Haraldi Haraldssyni, Bjargarstíg 6, Reykjavík, kt. 111058-7769.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða fyrir að aka bifreiðinni G-10239 að kvöldi miðvikudagsins (sic) 25. janúar 1994 undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti frá veitingahúsinu Keisaranum við Hlemm í Reykjavík að Pönglabakka 8.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993“.

Málavextir.

Þriðjudagskvöldið 25. janúar sl. klukkan 23.42 barst tilkynning til lögreglunnar í Reykjavík þess efnis, að hugsanlega væri bifreiðinni G-10239 ekið af ölvuðum öikumanni, og sást henni ekið austur Langholtsveg frá Álfheimum. Framangreindar upplýsingar eru úr skýrslu lögreglunnar um fyrstu afskipti hennar af málinu, og segir þar, að skráður eigandi bifreiðarinnar búi að Pönglabakka 8, og héldu tveir lögreglumenn þangað. Verður nú rakið áfram úr skýrslu annars þeirra.

Þegar lögreglumennirnir komu á bifreiðastæðið við Pönglabakka, sáu þeir tvo menn vera að ræða saman við bifreiðina G-10239. Var annar þeirra ákærði, Haraldur Haraldsson, en hinn Ingvar Guðmundsson, Réttarbakka 9. Tóku lögreglumennirnir þá tali hvorn í sínu lagi. Segir í lögregluskýrslunni, að Ingvar hafi sagt, að hann hafi verið þarna á stæðinu, þegar ákærði kom akandi á bifreiðinni og lagði henni. Þá segir í skýrslunni, að Ingvar hafi verið villtur og farið til ákærða til þess að spyrja hann til vegar, og hafi ákærði verið að leiðbeina Ingvari, er lögreglumennirnir komu á vettvang.

Lögreglumennirnir spurðu ákærða, hvort hann hefði verið á bifreiðinni G-10239, en hann kvað svo ekki vera, og þegar hann var spurður, hvort hann vissi eitthvað um bifreiðina, kvað hann hana sér alls óviðkomandi.

Lögreglumennirnir handtóku ákærða síðan vegna grunar um ölvun við akstur, og í jakkavasa ákærða fundu þeir lykla að bifreiðinni, bæði að dýrum og kveikjulás. Þegar lögreglumennirnir athuguðu bifreiðina, var vél hennar sjóðheit og bifreiðin nokkuð hlý að innan. Ákærði var færður á lög-reglustöðina við Hverfisgötu og þar fyrir varðstjóra, sem tók af honum framburðarskýrslu. Hélt ákærði við framburð sinn um að hafa ekki ekið, enda hefði hann verið sviptur ökuleyfi ávilangt og verið að koma úr Eyjabakka gangandi.

Að skýrslutöku lokinni var ákærði fluttur á slysadeild Borgarspítalans og honum tekið blóð til alkóhólrannsóknar. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 2,15 ‰. Ákærði var að blóðtöku lokinni fluttur í fangageymslu lögreglunnar og sætti vist þar fram á næsta dag.

Í rannsóknargögnum málsins liggur frammi óundirritað upplýsingablað, sem enginn hefur kannast við að hafa gert. Á þessu blaði er þess getið, að tilkynnendur að ölvunarakstrinum séu starfsfólk í Ísbúðinni að Álfheimum 2. Kemur fram á þessu blaði, að fólkið hafi verið farið úr búðinni, þegar reynt hafi verið að hafa samband við það, eftir að „maðurinn“ hefði verið handtekinn. Kemur fram á blaði þessu, að „maðurinn“ hafi komið inn í búðina og starfsfólkið fundið af honum áfengisþef og séð hann fara upp í bifreiðina G-10239 og aka austur Langholtsveg.

Pá kemur fram á framangreindu óundirrituðu blaði, að Ingvar Guðmundsson, ljósmyndari hjá Morgunblaðinu, hafi heyrt tilkynninguna í „skanner“, sem hann hafi verið með í bifreið sinni. Hafi hann heyrt, að engin bifreið væri í austurbæ eða Breiðholti og hann því farið í nágrenni við Þönglabakka og mætt bifreiðinni og elt hana þangað, sem ákærði hafði lagt henni. Síðan hafi hann hringt í stjórnstöð lögreglu og sagt, að hann ætlaði að tefja fyrir ákærða, og hefði hann gert það, þar til lögreglumennirnir komu.

Í skýrslu varðstjóra kemur fram, að ákærði hafi verið mjög áberandi ölv-aður og öll frásögn hans ruglingsleg og samhengislaus.

Ákærði var yfirheyrður næsta dag af rannsóknardeild lögreglunnar, og hófst yfirheyrslan klukkan 15.05. Bar ákærði þá, að hann hefði verið að skemmta sér á veitingastaðnum Keisaranum, þar sem hann hefði drukkið áfengi. Hann hefði farið þaðan með manni eftir klukkan 23. Hann hefði sagt manni þessum, hvar bifreiðin G-10239 væri, og hefði ákærði lagst í aftursæti hennar og verið þar með litla rænu, en hann myndi þó, að maðurinn hefði sest undir stýri bifreiðarinnar. Næst mundi ákærði, að maður þessi lét hann hafa lyklna við Þangbakka og stökk út úr bifreiðinni. Ákærði staðfesti, að hann væri sviptur ökuleyfi ávilangt.

Í gögnum málsins eru skýrslur, sem sagðar eru teknar af vitnunum Hildi Björnsdóttur og Jónu Lindu Hilmisdóttur, starfsstúlkum í áðurgreindri ísbúð, í rannsóknardeild lögreglunnar 26. janúar sl., af hinni fyrrnefndu klukkan 11 og hinni síðarnefndu klukkan 13. Ekki þykir ástæða til þess að rekja þessar skýrslur sérstaklega efnislega, þar sem síðar verður rakinn framburður þessara vitna fyrir dóminum, en þá upplýstu bæði vitnin, að þau hefðu ekki verið yfirheyrð í rannsóknardeildinni, heldur í gegnum síma og undirritað skýrslur sínar síðar. Um þetta vísast til þess, sem síðar segir í framburði þessara vitna.

Í gögnum málsins liggur einnig fyrir skýrsla Friðriks Gunnars Gunnarssonar aðstoðaryfirlögregluþjóns. Kemur þar fram, að áðurgreindur Ingvar hafi verið yfirheyrður 26. janúar sl. sem vitni af Þórði Eric Hilmarssyni, en næsta dag hafi vitnið komið og krafist þess, að vitnisburður þess yrði fjarlægður úr málinu, þar sem vitnið taldi sér stafa hættu af ákærða, ef hann kæmist að hlutdeild þess í málinu. Segir í skýrslu aðstoðaryfirlögregluþjónsins, að Ingvar hafi krafist þess, að öll tengsl sín við málið yrðu afmáð. Er ekki að finna í rannsóknargögnum umrædda skýrslu vitnisins Ingvars, og hefur hún verið fjarlægð úr málinu.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við meðferð málsins.

Ákærði kannast ekki við að hafa ekið bifreiðinni G-10239 að kvöldi miðvikudagsins 25. janúar sl. undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti frá veitingahúsinu Keisaranum við Hlemm í Reykjavík. Hann kveðst hafa verið við áfengisdrykkju í veitingahúsinu Keisaranum að kvöldi áðurgreinds dags, og um kl. 23 yfirgaf hann veitingahúsið ásamt manni, sem hann veit ekki, hver er, en ákærði fór með manni þessum að bifreið sinni, G-10239, sem var í nágrenni við Keisarann, og lagðist í aftursæti hennar. Var ákærði þá mjög ölvaður og rænulítill. Hann man þó, að ókunni maðurinn settist undir stýri ogók á bifreiðastæði við Þangbakka 8, þar sem hann afhenti ákærða kveikjulásslykilinn, en hvarf síðan á brott. Segir ákærði, að það sé rangt í ákæru, að akstrinum hafi lokið við Þönglabakka 8. Það eigi að vera Þangbakki.

Ákærði hefur ekki getað haft uppi á manninum, semók bifreiðinni, en hefur ákveðnar grunsemdir um, hver það hafi verið. Ákærði man ekki eftir því, að bifreiðin hafi stansað á leiðinni frá Keisaranum upp í Þangbakka. Maðurinn vakti ákærða, áður en hann fékk honum lykilinn. Hann hvarf síðan á brott, en ákærði steig út úr bifreiðinni, og innan skamms tíma bar lögregluna að og handtók ákærða.

Ákærði segir það rétt, að hann hafi í upphafi ekki viljað kannast við bif-

reiðina, og hafi ástæðan verið sú, að hann átti von á því, að hann yrði sakadur um að hafa ekið bifreiðinni, þar sem ökumaðurinn var farinn af vettvangi.

Ákærði man eftir því, þegar hann var kominn út úr bifreiðinni og búinn að læsa henni, að aðra bifreið bar að, og hafði ökumaður hennar tal af ákærða, en ekki man ákærði, hvað þeim fór á milli.

Ákærði kveðst hafa verið í svörtum leðurjakka umrætt sinn, og í bifreiðinni var derhúfa, svört að lit, sem ákærði setti upp, þegar hann fór frá bifreiðinni.

Vitnið Jón Sigurður Ólason aðstoðarvarðstjóri, Álftröð 5 í Kópavogi, kveðst hafa verið í lögreglubifreið ásamt Ásgeiri Þór Ásgeirssyni þriðjuddagskvöldið 25. janúar sl., og einhvern tíma seint um kvöldið, þegar þeir voru staddir á Sæbraut, fengu þeir tilkynningu um að reyna að stöðva bifreið, sem ekið væri af manni, er grunaður væri um að vera ölvaður. Kom tilkynningin frá manni um fjarskipti lögreglu úr bílasíma, og var viðkomandi að elta umrædda bifreið. Lýsti maður þessi akstrinum, sem lauk við Pangbakka. Þeir lögreglumennirnir komu að umræddri bifreið skömmu síðar og handtóku ákærða, en hann var sýnilega ölvaður og kannaðist hvorki við bifreiðina né að hafa ekið henni. Sá, sem hafði vísað þeim lögreglumönnum leiðina, ljósmyndari að atvinnu, benti þeim á ákærða í upphafi og sagði hann hafa ekið bifreiðinni. Við leit á ákærða eftir handtökuna fundu þeir lögreglumennirnir lykil að kveikjúlás bifreiðarinnar í vösuhans. Vél bifreiðarinnar reyndist heit við athugun.

Vitnið segir, að það hafi verið staðfest á vettvangi, að umræddur ljósmyndari hafi veitt bifreiðinni eftirför upp í Pangbakka, en vitnið getur ekki borið um, hvort félagi þess hafi talað við ljósmyndarann. Vitnið segist hafa sagt félaga sínum eftir ljósmyndaranum, að hann hafi séð ákærða leggja bifreiðinni og stíga út úr henni.

Vitnið segir, að stuttu áður en þeir fengu tilkynninguna um bifreiðina, þegar þeir voru staddir á Sæbraut, hafi verið búin að koma tilkynning, að ölvaður ökumaður hefði ekið frá ísbúð í Álfheimum.

Vitnið Ásgeir Þór Ásgeirsson lögreglumaður, Mánagötu 1 í Reykjavík, segir, að það og félagi þess, Jón, hafi verið staddir í lögreglubifreið skammt frá lögreglustöðinni við Hlemm, þegar þeim barst tilkynning um ölvaðan ökumann á bifreið á ferð á Langholtsvegi, og fylgdi með skrásetningarnúmer bifreiðarinnar. Flett var upp í bifreiðaskrá og fundið heimilisfang skráðs eiganda bifreiðarinnar, sem reyndist vera í Pangbakka eða Þönglabakka, og var haldið í átt þangað. Vitnið man ekki, hvort áður var búið að tilkynna um umrædda bifreið. Vitnið segir, að engin önnur lögreglubifreið

hafi verið tiltæk til að sinna þessu máli á þessari stundu. Vitnið man ekki eftir öðru en heimilisfangi eigandans, sem vísaði þeim leiðina að bifreiðinni, og þegar þeir komu þangað, sáu þeir bifreiðina á bifreiðastæði. Fyrir utan bifreiðina stóðu tveir menn, og var ákærði annar þeirra. Vitnið segir, að þeir hafi rætt við mennina tvo sinn í hvoru lagi, og ræddi vitnið við ákærða, sem ekki kannaðist við að hafa ekið bifreiðinni. Vitnið segir, að hinn maðurinn hafi sagt starfsbróður sínum, að ákærði hefði komið akandi á bifreiðinni, en ákærði hefði svarað sér því, að hann kannaðist ekkert við umrædda bifreið né að hafa ekið henni. Í framhaldi af framburði mannsins um akstur ákærða tilkynntu lögreglumennirnir honum, að hann væri handtekinn vegna grunar um ölvun við akstur, en ákærði var sjáanlega undir áhrifum áfengis. Í framhaldi af þessu fannst kveikjúlásslykill, sem gekk að kveikjúlás bifreiðarinnar, í vasa ákærða. Þrátt fyrir þetta viðurkenndi ákærði ekki að hafa ekið bifreiðinni.

Vitnið var ökumaður lögreglubifreiðarinnar og minnir, að einhver vegfarandi hafi upphaflega tilkynnt um akstur bifreiðarinnar.

Vitninu er kynntur framburður starfsbróður þess fyrir dóminum um upphaf afskipta lögreglunnar af ákærða umrætt sinn og bent á misræmið í framburði þeirra, en það man ekki eftir að hafa fengið ábendingu um akstur bifreiðar ákærða frá öðrum ökumanni.

Vitnið tekur fram, að það hafi aldrei rætt við vitnið, sem var á vettvangi, og hafi upplýsingarnar frá því frá starfsbróður sínum.

Vitnið gerði skýrsluna um fyrstu afskipti lögreglunnar af málinu og hefur staðfest hana við meðferð þess fyrir dóminum.

Vitnið Ingvar Guðmundsson, Réttarbakka 9 í Reykjavík, sér ákærða í dóminum og kveðst hafa séð hann fyrir nokkru á bifreiðastæði við Þangbakka í Breiðholti og rætt við hann þar. Vitnið kveðst hafa séð bifreið koma inn á bifreiðastæðið og í framhaldi af því séð ákærða ganga eftir bifreiðastæðinu. Það kveðst hins vegar ekki hafa séð ákærða stíga út úr bifreiðinni. Vitnið kveðst hafa spurt ákærða til vegar og gerði það í því skyni að tefja um fyrir honum að beiðni lögreglu, og kom þessi beiðni í bílasíma hjá vitninu frá fjarskiptum lögreglu. Vitnið er ljósmyndari hjá Morgunblaðinu, og kveðst það hafa hringt til lögreglunnar, þar sem það heyrði í „skanner“, að umrædd bifreið væri eftirlýst. Vitnið kveðst hafa séð bifreiðina fyrst, þegar hún var að aka inn á planið. Það ók hring um planið og sá því ekki, þegar ökumaðurinn steig út. Vitnið sá fleira fólk á planinu, en það var það langt frá bifreiðinni, að vitnið telur útilokað, að neitt af því hafi komið út úr bifreiðinni. Vitnið kveðst aðeins hafa séð eitt höfuð koma upp fyrir sætisbökín í bifreiðinni, þegar henni var ekið inn á bifreiðastæðið,

og var það sá, sem sat í öikumannssætinu, sem það átti. Vitnið kveðst hafa ekið aðeins á undan bifreiðinni inn á planið frá Stekkjarbakkanum, og hafi það misst örstutta stund sjónar á bifreið ákærða, á meðan það var að aka hringinn um stæðið, hugsanlega 40 metra. Vitnið var í Arnarbakka, þegar það heyrði fyrst um akstur umræddrar bifreiðar. Kom þá fram, að bifreiðin myndi vera á leiðinni í Þangbakka. Vitnið giskar á, að ákærði hafi verið kominn 6–8 metra frá bifreiðinni á bifreiðastæðinu, þegar það sá hann þar.

Vitnið kannast ekki við að hafa rætt við lögreglumennina á bifreiðastæðinu, og hafi það eingöngu rætt við einhvern á fjarskiptum lögreglunnar um þetta mál. Vitnið ræddi síðar við Pétur Sveinsson og Friðrik G. Gunnarsson um þetta mál.

Vitnið segist hafa fengið Friðrik G. Gunnarsson til að láta rífa lögregluskýrslu, sem vitnið var búið að gefa vegna málsins, þar sem hún hafi verið röng.

Vitnið fullyrðir, að það hafi skýrt satt og rétt frá fyrir dóminum, en man ekki, hvað það sagði rannsóknardeild lögreglunnar á sínum tíma, þegar Pétur Sveinsson yfirheyrði vitnið.

Vitnið Jóna Linda Hilmisdóttir, Tunguseli 9 í Reykjavík, segir, að þriðjudagskvöldið 25. janúar sl. hafi maður komið inn í ísbúðina við Álfheima, þar sem vitnið vinnur, og bað um að fá að hringja og auk þess um símaskrá. Ekki varð vitnið þess vart, að maðurinn hringdi, en hann hvarf á brott inn í bifreið, sem stóð fyrir utan, og fór inn um vinstri framdyr og ók á brott, en ekki sá vitnið neinn annan í bifreiðinni. Vitnið hringdi til lögreglunnar og lét hana vita um bifreiðina, en vitnið hafði fundið mikla áfengislykt af manningum, þegar það ræddi við hann.

Vitnið sér ákærða í dóminum og segir honum svipa til mannsins, sem ók á brott, en þó er vitnið ekki öruggt í þessu. Vitninu fannst maðurinn vera í grárri úlpu, en ekki man vitnið eftir, hvort hann bar höfuðfat. Vitnið er þess fullvisst, að það tilkynnti lögreglunni rétt skráningarnúmer bifreiðarinnar, og hafi bifreiðin verið grá að lit, en ekki er það öruggt um tegundarheiti hennar.

Vitnið segir um skýrslu sína hjá rannsóknardeild lögreglunnar, að hún hafi verið tekin um síma og það síðan látið skrifa undir hana heima hjá sér, en þangað kom sá, sem tók skýrsluna. Enginn vottur var viðstaddur. Vitnið segir, að tegundarheiti bifreiðarinnar sé ekki frá því komið í skýrsluna, en það hafi verið spurt að því, þegar það hringdi upphaflega til lögreglunnar, hvort um gæti verið að ræða grúa Nissan-fólksbifreið.

Vitnið Hildur Björnsdóttir, Þingási 33 í Reykjavík, segir, að það hafi verið að loka ísbúðinni við Álfheima síðla þriðjudagskvöldið 25. janúar sl.,

þegar þangað kom maður, sem bað um að fá að hringja og um afnot af símaskrá. Maður þessi hvarf þó á brott án þess að hringja og fór út í bifreið, sem stóð fyrir utan, og ók henni á brott, og sá vitnið engan annan í bifreiðinni. Segir vitnið, að maður þessi hafi verið mikið ölvaður eða a. m. k. hafi verið mikill áfengisþefur af honum. Vitnið telur sig geta þekkt mann þennan aftur og er nær öruggt um, að hann er ákærði, sem vitnið sér í dóm-inum. Vitnið segir, að maðurinn hafi verið í bláum buxum og svörtum jakka. Þá var hann með svarta derhúfu, en ekki man vitnið eftir einkennum á henni. Vitnið segist hafa gefið manninum leyfi til að hringja.

Vitnið segist hafa gefið skýrslu sína hjá rannsóknardeild lögreglunnar um síma, en síðan kom skýrslutakinn og vottur með honum á vinnustað vitnis-ins í ísbúðinni, og þar ritaði vitnið undir skýrsluna, eftir að það hafði lesið hana yfir.

Vitnið sá númerið á bifreiðinni, sem maðurinn ók á brott, og að hún var grá og blá að lit, en vitnið man ekki eftir tegundarheiti bifreiðarinnar; sé tegundarheiti bifreiðarinnar í skýrslu þess komið frá vitninu Jónu Lindu.

Vitnið tekur fram, að það hafi ekki séð manninn koma akandi, og sé framburður þess um það rangur, en vitnið hafi ályktað, að hann hafi komið akandi, þar sem hann ók á brott. Vitnið segir, að þessi framburður muni vera kominn frá skýrslutakanum, og hafi vitnið skrifað undir hann í hugs-unarleysi.

Vitnið Pétur Sveinsson rannsóknarlögreglumaður, Heiðnabergi 11 í Reykjavík, segir um framburð vitnanna Jónu Lindu og Hildar um að, hvernig vitnið stóð að töku skýrslanna af þeim, að þær lýsi þessu rétt og það hafi verið mistök þess að bóka ekki neðan við skýrslurnar, hvernig að þeim hafi verið staðið, en þetta gerði vitnið vegna þess, að það var eitt á kæruvakt, þegar málið kom til rannsóknar, og hafði það í huga að flýta mál-inu, svo að maðurinn gæti losnað úr fangageymslunni. Segir vitnið, að það, sem stendur efst í skýrslunni, að viðkomandi sé mættur í rannsóknardeild, sé venjubókun, sem þarna hafi ekki átt við, en verið sett í upphafi skýrsl-unnar sem „rútínuvinna“.

Vitnið staðfestir, að það hafi yfirheyrt Ingvar Guðmundsson, sem hafi óskað nafnleyndar í yfirheyrslunni, og hafi það verið sett neðst í skýrsluna. Það er hins vegar rangt í skýrslu Friðriks G. Gunnarssonar, að Ingvar hafi gefið skýrslu hjá Þórði Eric Hilmarssyni.

Vitnið segir, að enginn vottur hafi verið staddur heima hjá vitninu Jónu Lindu, og því hafi vitnið fengið lögreglumann til að skrifa á skýrsluna sem vott. Vitnið kveðst hafa sagt Jónu Lindu, að það myndi fá vott á skýrsluna, og hafi hún ekkert haft við það að athuga.

Vitnið Friðrik Gunnar Gunnarsson aðstoðaryfirlögregluþjónn, Maríubakka 8 í Reykjavík, hefur staðfest að hafa ritað áðurgreinda skýrslu og framkvæmt það, sem í henni stendur. Segir vitnið, að forsendurnar fyrir þessu komi fram í skýrslunni, en vitnið kveðst hafa eyðilagt skýrslu Ingvars Guðmundssonar.

Vitnið segir, að það muni það úr lögregluskýrslu Ingvars, að hann hafi borið, að hann hafi séð ákærða aka inn á bifreiðastæðið við Þangbakka og stíga út úr bifreiðinni þar.

Vitnið sér skýrslu áðurgreinds Ingvars fyrir dóminum og segir, að skýrsla Ingvars hjá lögreglu hafi verið mun styttri og ekki eins nákvæm, en vitnið getur ekki borið nákvæmlega um það, sem í skýrslunni stóð.

Vitnið Sigurgeir Ómar Sigmundsson rannsóknarlögreglumaður, Suður-mýri 50 á Seltjarnarnesi, kannast við nafnritun sína sem votts á skýrslunni, sem tekin var af vitninu Hildi, og segir, að undirritun þess hafi farið fram í ísbúðinni við Álfheima. Vitnið kveðst hafa verið að votta undirskrift vitnis-ins, sem gaf skýrsluna, en ekki skýrslutökustað hennar.

Vitnið Egill Þór Ragnarsson lögreglumaður, Hlaðhömrum 20 í Reykjavík, kannast við nafnritun sína sem votts á skýrslunni, sem tekin var af vitninu Jónu Lindu, og hafi undirritun þess farið fram á lögreglustöðinni í Reykjavík. Vitnið man ekki eftir að hafa horft á vitnið Jónu Lindu rita nafn sitt undir skýrsluna og man ekkert meira um málið.

Niðurstöður.

Svo sem fram er komið, hefur ákærði staðfastlega neitað sakargiftum frá upphafi og borið, að annar maður hafi ekið bifreiðinni, en ekki getað bent á hann.

Sannað er með játningu ákærða sjálfs og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, að ákærði var ölvaður umrætt sinn, og samkvæmt játningu hans sjálfs, sem er í samræmi við sakavottorð hans, er hann sviptur ökurétti ævilangt.

Þegar virtur er í heild framburður vitnisins Ingvars, sem ber, að það hafi séð bifreiðina koma inn á bifreiðastæðið og aðeins einn mann í bifreiðinni og ákærða á göngu 6–8 metra frá bifreiðinni örstuttu síðar, fundur kveikju-lásslykilsins í vasa ákærða, ótrúverðug saga ákærða um annan ökumann, sem fær enga stoð í öðru, sem fram er komið í málinu, framburður Jónu Lindu, að ákærða svipti til mannsins, sem ók á brott frá ísbúðinni, og framburður vitnisins Hildar, að það sé nær öruggt um, að ákærði sé maðurinn, sem ók frá ísbúðinni, er að mati dómsins komin fram sönnun fyrir því, að ákærði hafi verið ökumaður bifreiðarinnar og sé því sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákæru og þar er rétt fært til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1978 og fram á árið 1992 hlotið níu refsidóma og gengist tíu sinnum með dómsátt undir að greiða sektir fyrir ýmis brot.

Ákærði var fyrst dæmdur í mars 1979 í 30 daga skilorðsbundið fangelsi og 100.000 króna sekt fyrir þjófnað. Næst var ákærði dæmdur í febrúar 1981 í sekt og sviptur ökuleyfi ævilangt fyrir ölvunarakstur. Í þriðja sinn var ákærði dæmdur í september 1983 fyrir sömu sakir og auk þess brot á 27. gr. og 50. gr. umferðarlaga og sviptur ökuleyfi ævilangt. Þá var ákærði dæmdur í desember 1986 í 32 daga varðhald fyrir ölvun við akstur og að aka sviptur ökuleyfi svo og fyrir fleiri umferðarlagabrot og brot á 219. gr. almennra hegningarlaga. Í þetta skipti var ákærði sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt. Í ágúst 1989 var ákærði dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir að aka ölv-aður og sviptur ökuleyfi og fyrir brot á 4. gr. umferðarlaga og jafnframt sviptur ökuleyfi ævilangt einu sinni enn. Í desember 1989 var ákærði enn dæmdur fyrir ölvunar- og sviptingarakstur og nú í fjögurra mánaða fangelsi og sviptur ökuleyfi ævilangt. Í mars 1990 var ákærði dæmdur í eins mánaðar fangelsi, hegningarauka, fyrir sömu sakir, og enn var í dómnum ákvæði um ævilanga sviptingu ökuleyfis. Ákærði var dæmdur í áttunda sinn í nóvember 1990 og enn fyrir sömu sakir. Hlaut hann nú fimm mánaða fangelsi og ítrekað, að hann skyldi vera sviptur ökuleyfi ævilangt. Síðast var ákærði dæmdur 24. júní 1992 og nú í níu mánaða fangelsi fyrir sömu sakir og áður og auk þess brot á 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga. Enn var í dómnum ákvæði um ævilanga sviptingu ökuleyfis. Inn í refsinguna í þessum síðasta dómi var felld 195 daga reynslulausn, sem ákærði hafði hlotið í tvö ár frá 17. mars 1991.

Fyrstu tvær dómsáttirnar við ákærða eru frá árinu 1978, hin fyrri vegna brots á 47. gr. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga og hin síðari vegna ölvunaraksturs, og gekkst ákærði þá undir sviptingu ökuleyfis í fjóra mánuði. Þá gekkst ákærði undir að greiða sektir á árunum 1979, 1980, 1982 og 1983, einu sinni hvert ár, í öll skiptin fyrir umferðarlagabrot, og sætti auk þess á árinu 1980 sviptingu ökuleyfis í einn mánuð fyrir of hraðan og ógætilegan akstur. Á árunum 1986, 1987, 1989 og 1990 gekkst ákærði undir að greiða sektir fyrir brot á lögum og reglum um ávana- og fíkniefni, í eitt skipti hvert ár.

Ákærði hlaut reynslulausn í tvö ár á 90 daga eftirstöðvum refsingar 20. júlí 1993, og hefur hann með háttsemi þeirri, sem hann nú er sakfelldur fyrir, rofið skilorð hennar. Verða umræddar eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sem ákærði hefur ekki afplánað, felldar inn í þá refsingu, sem ákærða verður nú ákvörðuð, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr.

laga nr. 22/1955 og 77. gr. hegningarlaga. Með hliðsjón af þessu og sakaferli ákærða þykir refsing hans nú hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Þá hefur ákærði unnið sér til þess að verða sviptur ökurétti, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, en ákærði er þegar, eins og fram er komið, sviptur ökuleyfi ævilangt. Þykir rétt að áréttu, að ákærði skuli vera sviptur ökurétti ævilangt.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 30.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 45.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans.

Sturla Þórðarson, yfirlögfræðingur hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Haraldur Haraldsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði skal vera sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 30.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 45.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans.
